

REGLUGERÐ

um mennta- og starfsþróunarselur löggreglu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að skýra hlutverk, starfsemi og ábyrgð mennta- og starfsþróunarselurs löggreglu skv. h-lið 2. mgr. 5. gr. löggreglulaga nr. 90/1996.

2. gr.

Stjórn og faglegt starf.

Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu heyrir undir ríkislöggreglustjóra. Forstöðumaður mennta- og starfsþróunarselurs annast daglega stjórn setursins og ber ábyrgð á faglegu starfi þess.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk mennta- og starfsþróunarselurs er m.a.:

- að annast starfsnám nema í löggreglufræðum við háskóla, sbr. 38. gr., í samstarfi við háskóla,
- að hafa umsjón með símenntun löggreglumannna innan löggreglu,
- að annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs,
- að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um menntun löggreglumannna,
- að annast alþjóðasamskipti á vettvangi löggreglumenntunar,
- að annast önnur verkefni er lúta að menntun og fræðslu löggreglu.

Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu er heimilt að halda námskeið fyrir aðra handhafa löggregluvalds en löggreglumenn og aðra starfsmenn löggreglu og hliðstaðra embætta eða stofnana.

II. KAFLI

Verklegt nám og starfsnám.

4. gr.

Verklegt nám.

Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu annast þann hluta verklegs náms í löggreglufræðum sem háskóla skortir hæfi til, m.a. með vísan til 4. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 8. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

5. gr.

Starfsnám.

Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu hefur umsjón með starfsnámi löggreglunema.

Starfsnám fer fram hjá einhverjum af löggregluembættum landsins samkvæmt nánari ákvörðun ríkislöggreglustjóra, undir handleiðslu löggreglumanns sem lokið hefur prófi frá Löggregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í löggreglufræðum. Skal setrið hafa samráð við löggreglustjóraembættin við skipulagningu starfsnámsins sem fram fer hjá þeim. Nánar skal kveðið á um innihald handleiðslunnar og hlutverk handleiðara í verklagsreglum ríkislöggreglustjóra um starfsnám nema í löggreglufræðum.

Í lok starfsþjálfunartíma skal handleiðari gefa mennta- og starfsþróunarselri skýrslu um nám og starf nemans og gera þar m.a. grein fyrir framförum hans og öðru sem máli kann að skipta um starfshæfni.

6. gr.

Inntökuskilyrði nema í starfsnám hjá löggreglu.

Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu auglýsir eftir nemendum í starfsnám og velur nema í starfsnám í samstarfi við háskóla.

Nemar í starfsnámi skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- b. hafa ekki gerst brotlegir við reffsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglumenn verða almennt að njóta,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu setur reglur um,
- d. hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun,
- e. hafa staðist kröfur um þrek og styrk skv. viðmiðum sem mennta- og starfsþróunarsetur setur,
- f. hafa gild almenn ökuréttindi.

Mennta- og starfsþróunarsetrinu er heimilt að setja önnur viðmið, skv. c- og e-lið 2. mgr., fyrir héraðslöggreglumenn og afleysingamenn.

Til að sannreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar 2. mgr. er mennta- og starfsþróunarsetri löggreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu.

Starfsnemar skulu vinna heit samkvæmt ákvæðum 29. gr. löggreglulaga og í starfsnámi lúta þeir síðareglum löggreglu. Brot á síðareglum getur varðað brottvikningu úr starfsnámi.

7. gr.

Val á nemendum í starfsnám.

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu metur, í samstarfi við háskóla, hvort umsækjendur fullnægi inntökuskilyrðum og ákveður hverjir skulu hefja starfsnám. Ákvörðun setursins um val á nemum í starfsnám er endanleg.

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu skal leitast við að velja til starfsnáms þá hæfstu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Einkum skal þess gætt að velja ekki til starfsnáms einstakling sem ætla má að eigi erfitt með að sinna löggreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérreffsilöggjöf. Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu skal fyrst meta hverjir umsækjenda eru hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði. Þá getur setrið látið hæfa umsækjendur undirgangast inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu getur að auki óskað eftir frekari gögnum frá umsækjendum, eða um þá, og að þeir sæti sérstakri læknisskoðun. Umsækjandi ber kostnað af umsókn um starfsnám.

III. KAFLI

Símenntun og sémenntun.

8. gr.

Fyrirkomulag símenntunar.

Mennta- og starfsþróunarsetur löggreglu skal halda námskeið og bjóða upp á lengra heildstætt nám, eftir atvikum í samstarfi við aðrar menntastofnanir og önnur löggregluembætti, þar sem starfsfólk löggreglu er veitt símenntun og sémenntun.

Á símenntunarnámskeiðum skulu kynntar helstu lagabreytingar og nýjungar sem snerta störf löggreglunnar til þess að löggreglumenn geti tileinkað sér þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að gegna löggæslustörfum á hverjum tíma.

9. gr.

Sémenntun.

Haldin skulu námskeið í ýmsum sérgreinum á sviði löggæslu, s.s. rannsóknum brota eða stjórnun. Á sémenntunarnámskeiðum skal leitast við að efla hæfni og skilning þáttakenda á sérsviðum þeirra. Mennta- og starfsþróunarsetrið skal hafa samráð við önnur löggregluembætti og aðra hagsmunaaðila við mat á fræðsluþörfum og við útfærslu námskeiða.

Nr. 221

28. febrúar 2017

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Rannsóknir og þróun.

Mennta- og starfsþróunarsetur skal, í samvinnu við háskóla, þroa gagnreynrar aðferðir löggreglu með því að stuðla að vísindarannsóknum innan lögreglunnar. Við val á rannsóknarefnum skal haft að leiðarljósi að þær séu unnar í þeim tilgangi að efla þróun og fagmennsku innan lögreglunnar. Niðurstöðum skal miðlað til yfirvalda og innan lögreglunnar.

11. gr.

Afleysingamenn og héraðslöggreglumenn.

Mennta- og starfsþróunarsetur skal halda námskeið fyrir afleysingamenn sem löggreglustjórar hafa heimild til að ráða samkvæmt 5. mgr. 28. gr. löggreglulaga. Þá er löggreglustjórum einnig heimilt að halda slík námskeið með samþykki setursins.

Gefa skal héraðslöggreglumönnum, sem löggreglustjórar fá heimild til að ráða samkvæmt 1. mgr. 10. gr. löggreglulaga, kost á að sækja námskeið sem haldin eru fyrir afleysingamenn eða önnur námskeið sem sérstaklega eru ætluð þeim.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 39. gr. a. löggreglulaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 28. febrúar 2017.

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2017